

Ed.

970. Nefndarálit

[441. mál]

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk til viðræðna Jón Höskuldsson, lögfræðing landbúnaðarráðuneytisins.

Í umfjöllun nefndarinnar um áhrif nýrra sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, var m.a. upplýst að sveitarstjórnir hafa ekki lengur heimild til að veita ábyrgð á láni úr Bjargráðasjóði. Með því að lögin um sjóðinn eru í endurskoðun telur nefndin eðlilegt að þar komi til athugunar hvort ekki sé rétt að taka upp heimild til sveitarstjórna að ábyrgjast lán úr Bjargráðasjóði.

Nefndin var sammála um að leggja til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1988.

Egill Jónsson,
form., frsm.

Danfríður Skarphéðinsdóttir,
fundaskr.

Valgerður Sverrisdóttir.

Skúli Alexandersson.

Björn Gíslason.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Stefán Guðmundsson.